

Sp.

400. Tillaga til þingsályktunar

[236. mál]

um framkvæmd iðnþróunaráætlunar.

Flm.: Pétur Pétursson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hraða framkvæmd þeirrar iðnþróunaráætlunar, sem sérfræðingar Sameinuðu þjóðanna hafa lagt fram við ríkisstjórnina, bæði að því er varðar tæknilega uppbyggingu iðnaðarins og að því er varðar markaðsmál atvinnuvegarins, vegna útflutnings iðnaðarvара.

Greinargerð.

Fyrir fjórum árum eða svo hafði fyrrverandi ríkisstjórn óskað eftir, að gerð skyldi alvarleg úttekt á íslenskum iðnaði með tilliti til útflutnings á framleiðsluvörum atvinnuvegarins. Þessi athugun var gerð af sérfræðingum Sameinuðu þjóðanna, og hefur álit þeirra legið um nokkurra mánaða skeið hjá iðnaðarráðuneytinu, án þess að neitt hafi heyrst um ákveðnar ráðstafanir til úrlausnar á vandamálum iðnaðarins, eins og nú standa sakir. Skýrslum um þessi efni mun hafa verið skilað til iðnaðarráðuneytisins fyrir einu ári eða svo. Síðan hefur ekkert heyrst um framkvæmd þessarar áætlunar eða yfirleitt hvort ráðuneytið hefði í huga að framkvæma hana.

Það var einhvern tíma tilkynnt af hálfu iðnaðarráðuneytisins, að iðnbylting væri í uppsiglingu. Ég held, að allir landsmenn biði í raun og veru eftir að sjá árangur þessarar byltingar. Enn sést enginn verulegur árangur.

Íslenskur iðnaður, þegar frá er talinn stóriðnaður, svo sem álverksmiðjan, er einungis smáiðnaður í raun og veru. Það er þessi tegund iðnaðar, sem ég tel að þurfi að byggja upp og styðja.

Allir stjórnsmálaflokkar hafa lagt áherslu á, að efla þyrfli iðnað í landinu. Ekki er vafi á, að þetta er rétt. En er þá ekki líka rétt, að aðgerðum í þessu efni þurfi að hraða sem mest? Eini aðilinn, sem getur flýtt málinu, er ríkisstjórnin.

Ég tel, að þessi mál öll gangi allt of hægt, fyrst og fremst vegna aðgerðaleysis ríkisstjórnarinnar. Þess vegna legg ég til, að ríkisstjórnin taki nú dálítið fastar á þessum málum og drífi í gegn tillögn sérfræðinga Sameinuðu þjóðanna.